

SV: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Hildur Halldórsdóttir <hildur@fvi.is>
CC : Guðmundur Gunnarsson;Jón Reynir Sigurvinsson <jon@fvi.is>
Heiti : SV: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ
Málsnúmer : 2018040003
Málsaðili : Ísafjarðarbær - skóla- og tómstundasvið
Skráð dags : 18.01.2019 18:03:34
Höfundur : Hildur Halldórsdóttir <hildur@fvi.is>

Heil og sæl Þórdís og takk fyrir svarið.

Ég velti því fyrir mér hvort einhver misskilningur sé á ferðinni varðandi fjárhagsáætlunina sem fylgir samningnum. Þar kemur fram að útlagður kostnaður MÍ verði 2.110.000 krónur á ári. MÍ er ekki að óska eftir styrk frá sveitarfélögunum til að borga þessa upphæð, þetta er kostnaður sem fellur alfarið á skólann. Það sem eftir stendur er að borga laun þjálfara þeirra féлага sem eiga iðkendur á afrekssviði. Eins og fram kemur í samningsdrögunum þá á sú upphæð sem kemur frá sveitarfélögunum að fara í það að borga laun þjálfaranna. Þau laun sá skólinn reyndar um að borga þjálfurunum á haustönn svo ekki kæmi til þess að fella þyrfti æfingarnar niður hjá krökkunum á afrekssviðinu.

Okkur þykir miður að hafa ekki [fengið viðbrögð og/eða athugasemdir við formlegu erindi okkar vegna þessa fyrr. Forsvarsmenn sveitarfélaganna þriggja funduðu með fulltrúum Menntaskólans á Ísafirði á vordögum og veittu munnlegt vilyrði fyrir samningi til þriggja ára sem fæli í sér 2,5 milljón króna framlag pr. skólaár, skipt niður á sveitarfélögin eftir stærð, ásamt gjaldfrjálsum tímum í íþróttahúsinu í Bolungarvík. Formlegt erindi var sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaganna í byrjun október og svör bárust frá þeim eftir ítrekun frá okkur í byrjun nóvember. Þá kom fram að við ættum von á samskiptum frá stjórnendum hjá Ísafjarðarbæ á allra næstu dögum, enda hafði bæjarráð falið bæjarstjóra að ræða við Menntaskólann á Ísafirði um innsend drög að samningi, skv. bókun 1036. fundar ráðsins. Eftir ítrekun mína nú í vikunni fáum við þau svör að bæjarráð hafi ekki talið sér fært að taka afstöðu til beiðninnar.](#)

Þar sem bókað var í bæjarráði í október að bæjarstjóra hafi verið falið að ræða við MÍ um innsend drög þá óska ég eftir fundi með bæjarstjóra sem fyrst til að ganga frá málinu. Getur þú haft milligöngu um þann fund?

Með góðri kveðju,

Hildur Halldórsdóttir
Aðstoðarskólameistari
Menntaskólinn á Ísafirði
Torfnesi - 400 Ísafirði
Sími: 450-4402
GSM: 899-0538

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir [mailto:thordissif@isafjordur.is]

Sent: föstudagur, 18. janúar 2019 13:33

Til: Hildur Halldórsdóttir
Afrit: Guðmundur Gunnarsson
Efni: RE: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Blessuð Hildur,

Ég er aðeins búin að spyrjast fyrir um stöðu málsins hér innan húss. Ástæðan fyrir því að bæjarráð taldi sér ekki fært að taka afstöðu til beiðnarinnar er að við þurfum er aðeins betri fjárhagsáætlun fyrir verkefnið. Það er ákveðið misræmi milli fjárhagsáætlunar og styrkfjárhæðar, þar sem fjárhagsáætlun er lægri en umbeðinn styrkur.

Það væri gott að fá þetta inn sem fyrst til að geta sett á fund bæjarráðs til frekari aðgerða.

Kær kveðja,
Þórdís

From: Hildur Halldórsdóttir [<mailto:hildur@fvi.is>]
Sent: miðvikudagur, 16. janúar 2019 08:55
To: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>
Subject: SV: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Sæl Þórdís Sif.

Við höfum því miður ekki enn heyrt neitt frá stjórnendum Ísafjarðarbæjar vegna samningsins um afrekssviðið í MÍ (sjá samskipti hér neðar).

Samkvæmt skiptingunni sem kveðið er á um í samningnum er hlutur Ísafjarðarbæjar 76,5% af 2,5 milljónum eða 1.912.500 á skólaárinu 2018-2019. Megum við senda ykkur rukkun fyrir þessari upphæð? Starf afrekssviðsins er búið að vera í fullum gangi frá upphafi haustannar eins og reiknað var með og heldur áfram samkvæmt áætlun á vorönn.

Með kveðju,
Hildur

Hildur Halldórsdóttir
Aðstoðarskólameistari
Menntaskólinn á Ísafirði
Torfnesi
400 Ísafirði
Sími: 450-4402

Frá: Hildur Halldórsdóttir
Sent: fimmtudagur, 8. nóvember 2018 15:15
Til: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>
Efni: SV: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Kærar þakkir.
-Hildur

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir [<mailto:thordissif@isafjordur.is>]

Sent: fimmtudagur, 8. nóvember 2018 15:10

Til: Hildur Halldórsdóttir <hildur@fvi.is>

Efni: RE: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Sæl Hildur,

Bréfið var tekið fyrir á 1036. fundi bæjarráðs sem haldinn var 29. október sl. Á fundinum var eftirfarandi bókað:

„8.Afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði - 2018040003

Lagt fram bréf Jóns Reynis Sigurvínssonar, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, dagsett 11. október sl., þar sem óskað er eftir að Ísafjarðarbær, ásamt Súðavíkurbæjum og Bolungarvíkurkaupstað, geri samstarfssamning við MÍ um stuðning við afreksíþróttasvið. Jafnframt er óskað eftir fleiri tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi. Drög að samningi eru kynnt.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við Menntaskóla Ísafjarðar um innsend drög að samstarfssamningi við MÍ um stuðning við afreksíþróttasvið skólans.

Fylgiskjöl:

- [Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.pdf](#)

Margrét Halldórsdóttir yfirgefur fundinn kl. 9:35.“

Menntaskólinn á því von á samskiptum frá stjórnendum hjá Ísafjarðarbæ á allra næstu dögum.

Kær kveðja,

Þórdís

From: Hildur Halldórsdóttir [<mailto:hildur@fvi.is>]

Sent: fimmtudagur, 8. nóvember 2018 14:41

To: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>

Subject: Erindi til bæjarstjórnar vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Sæl Þórdís.

Ég sendi erindi til bæjarstjóra í byrjun október um stuðning við afreksíþróttasvið MÍ. Erindið var reyndar stílað á bæjarstjórn, en við höfum enn ekki fengið svar við erindinu. Getur þú komið þessu áleiðis inni í bæjarkerfinu fyrir okkur? Um er að ræða málefni sem var samþykkt af öllu bæjarstjórum á norðanverðum Vestfjörðum s.l. vor, en svo var beðið um formlegt erindi frá okkur til afgreiðslu. Það væri gott að geta farið að ganga frá þessu.

Með kveðju, Hildur

Hildur Halldórsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi

400 Ísafirði

Sími: 450-4402

Frá: Hildur Halldórsdóttir

Sent: fimmtudagur, 11. október 2018 14:35

Til: 'gudmundur@isafjordur.is' <gudmundur@isafjordur.is>

Afrit: Jón Reynir Sigurvínsson <jon@fvi.is>

Efni: Erindi vegna afreksíþróttasviðs í MÍ

Heill og sæll.

Fyrir hönd Menntaskólans á Ísafirði sendi ég erindi til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna samvinnu skólans og sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum um afreksíþróttasvið. Í viðhengi er formlegt erindi vegna þessa og jafnframt drög að samkomulagi sem gott væri að undirrita við fyrsta tækifæri. Samhljóða erindi hefur verið sent Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi til afgreiðslu.

Með góðri kveðju,

Hildur Halldórsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi

400 Ísafirði

Sími: 450-4402